

## **FUNDARGERÐ 6 . stjórnarfundar sem haldinn var 31. janúar 2008 í Reykjavík.**

### Mætt:

Anna Kristín Ólafsdóttir, Ellý K. Guðmundsdóttir, Þórunn Pétursdóttir svo og Magnús Hallgrímsson.

Á símasambandi: Eiríkur Björn Björgvinsson, Elín Heiða Valsdóttir og Hjalti Þór Vignisson.  
Fjarveru boðaði Rúnar Þórarinsson.

Einnig starfsmaður stjórnar, Þórður H. Ólafsson, sem ritaði fundargerð

### **1. Reglugerðardrög fyrir Vatnajökulsþjóðgarð - kynning og umræða**

Á fundinn mættu Aðalheiður Jóhannsdóttir lögfræðingur og dósent við HÍ og Þóra Ellen Þórhallsdóttur, doktor og prófessor við HÍ og fóru yfir allar greinar í fyrirbyggjandi drögum að reglugerð fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.

- Ákveðið að lögfræðingur og sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun lesi yfir reglugerðardrögin svo og lögfræðingur í umhverfissráðuneyti og eftir þann yfirllestur verði formönnum svæðisráða send ný útgáfa.

### **2. Verndaráætlanir - umræða**

Þóra Ellen fór yfir þau viðmið sem IUCN hefur sem viðmið um verndun svæða.

### **3. Rekstraráætlanir svæða 2008 - umræða**

- Samþykkt var að gerðar yrðu rekstraráætlanir fyrir hvert rekstrarsvæði þjóðgarðsins; Norðursvæði, Austursvæði, Suðursvæði og Vestursvæði. ÞHÓ mun eiga fund með öllum svæðisráðunum um drög að rekstraráætlun hvers rekstrarsvæðis fyrir sig.

### **4. Framkvæmdaáætlanir svæða 2008 - umræða**

- Á fundum með svæðisráðum á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins verði farið yfir framkvæmdaáætlun fyrir árið 2008 og sérstaklega farið yfir þær framkvæmdir sem eru á hverju rekstrarsvæði fyrir sig (ÞHÓ)

### **5. Landvörslustöðvar - umræða**

Farið var fyrst og fremst yfir aðstöðu landvarðar í Blágiljum á Lakasvæði. Til greina koma tvær leiðir annars vegar bráðabirgðalausn og hins vegar varalega lausn.

- Ákveðið að leggja til framkvæmdafé að upphæð 4-5 m.kr., ef farið verður í varanlega lausn á landvarðaraðstöðu í Blágiljum. Fljótlega komi tillögur að lausn.(Elín Heiða og Kári) Hugmyndir um hús við Galta við Laka bíða ákvörðunar.

Einnig farið yfir mögulega staðsetningu nýrra landvarða árið 2008. Snæfell, Kverkfjöll, Nýidalur og Hrauneyjar. Ekki teknar endanlegar ákvarðanir um staðsetningu 4 nýrra landvarða.

## **6. Önnur mál**

Næsti stjórnarfundur verði 26. febrúar í Mývatnssveit með Svæðisráði I, Norðursvæði.

PHÓ 060208